

**519. fundur Hreppsnefndar TálknafjarðarhreppsHreppsnefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 16. janúar 2018
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II), aðalmaður, Kristinn Hilmar Marinósson (KHM),
aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ), formaður, Jón Örn Pálsson
(JÖP), aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ), Aðalmaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ),
Ritari.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki. Oddviti lagði til breytingu á fundarboði að inn kæmu þrjú ný mál, Kaldavatnsintak í efri byggðum, mál nr 1810021, og Starfsmannamál: Starf forstöðumanns íþróttamiðstöðvar, mál nr. 1801035 og Starfsmannamál: Áhaldahús/þjónustumiðstöð, mál nr 1810036.og verð númer 2,3 og 4 og munu önnur mál færast neðar sem því nemur. Samþykkt samhljóða

Dagskrá:

1. Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 31 - 1712002F

Tekin er fyrir fundargerð 31. fundar Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar.Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

1.1 1712034 - Hrafnadalsvegur 1: umsókn um stöðuleyfi

1.2 1801002 - Umsagnarbeiðni: Cafe Dunhagi

1.3 1801005 - Brunavarnaráætlun: ekki í gildi

2. Kaldavatnsinntak: í efribyggð strandgötu - 1801021

Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við framkvæmd vatnslagnar, svo framkvæmdir geti hafist í vor.

Heimild er þó komin frá heilbrigðiseftirliti til að loka núverandi vatnsbóli verði framkvæmdir hafnar við varnargarð. Óskar sveitarstjórn eftir að ákvörðun Ofanflóðasjóðs um upphaf framkvæmda liggi fyrir sem fyrst.

3. Starfsmannamál: Starf forstöðumanns íþróttamiðstöðvar. - 1801035

Sveitarstjóri upplýsti um að starf forstöðumanns íþróttamiðstöðvar hefði ekki verið lagt niður og núverandi fyrirkomulag ætti að vera til skamms tíma.Verðið er að skoða framtíðarlausn í málinu.

4. Starfsmannamál: Áhaldahús/Þjónustumiðstöð - 1801036

Sveitarstjóri hefur hafið vinnu við að endurskipuleggja starf forstöðumanns áhaldahúss og síðan verði tekin ákvörðun um framhaldið. Síðasta vor lét forstöðumaður áhaldahúss og hafnarvörður af starfi og var þá auglýst eftir nýjum starfsmanni. Engar umsóknir bárust því var gripið til þess ráðs að ráða hafnarvörð. Ljóst er að ekki verður um fullt starff að ræða í þjónustumiðstöð og því þarf að endurskilgreina starfið og útvíkka inn á önnur svið.

5. Byggðakvóti: Mótmæli úthlutunar - 1801006

Á.J. leggur fram eftirfarandi bókun: Í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í mótmælabréfi útgerðaraðila við úthlutun byggðakvóta ársins 2017-2018 þar sem meðal annars að ef vinnsluskylda er á byggðakvótanum muni það koma verulega niður á rekstri FG ehf sem er að reyna að byggja upp fi skvinnslu og fiskmarkað í sveitarfélaginu. Ég legg því til við sveitarstjórn að samþykkt verði að fela sveitarstjóra að óska eftir því við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að sveitarstjórn fái að gera eftirfarandi breytingu á bókun sveitarstjórnar frá 18.des. síðastliðnum þannig að burt falli orðin "til vinnslu innan byggðarlagar í Vestur-Barðastrandarsýslu"

og mun þá greinin hljóða svo:

"6.gr. sömu reglugerðar, 1. mgr.: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta í Tálknafjarðarhöfn á tímabilinu frá 1. september 2017 til og með 31. ágúst 2018"

Tillaga Ásgeirs samþykkt með 3 atkvæðum: ÁJ,JÖP,EDJ,KHM sat hjá, en II var á móti.

6. Samningur: Leigusamningur - 1712020

Sveitarstjóra falið að ræða við húseiganda vegna leigunnar.

7. Ljósleiðari : Samningsferli - 1612050

Sveitarstjóra falið að fá fram verklýsingu til að hægt sé að ljúka tengingum ljósleiðara.

8. Íþróttahús: tilboð í búningsklefa - 1801032

Sveitarstjóra falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna skápa í búningsklefa, að upphæð kr.4.000.000.-

Samþykkt með 4 atkv. ÁJ situr hjá.

9. Gjaldskrá: Tillaga að gjaldskrá fyrir gámavöll. - 1801028

Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá og er sveitarstjóra falið að auglýsa gjaldskrána.

10. Styrkur: vegna söfnunar til að kaupa ný húsgögn - 1801013

Sveitarstjóra falið að hitta unglíngana og ræða málin.

11. Uppgjör: Samkomulag - 1801003

Sveitarstjóra falið að undirrita skuldabréf vegna málsins.

12. Til umsagnar: 40. mál frá nefndasviði Alþingis - 1712055

Sveitarstjórn styður frumvarpið og vonar að það stuðli að meiri áhuga ungs fólks á samfélagsmálum.

13. Til umsagnar: 11. mál frá nefndasviði Alþingis - 1712054

Engin umsögn send.

14. Fatlað fólk: Tllaga Ísafjarðarbæjar um úrsögn úr Byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á vVestfjörðum BsVest. - 1712043

Sveitarstjórn tekur undir ályktun Bolungarvíkurkaupstaðar sem birtist í BB 14.des., sveitarstjórn þykir hins vegar mikilvægt að tryggður sé vinnufriður innan samlagsins þar til úrsögn tekur gildi, jafnframt mun sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps endurskoða allt samstarf sveitarfélaga í fjórðungnum.

15. Fundur: vinnsla á lífrænum úrgangi til orku- og næringarefnavinnslu - 1801009

Bréfitara þakkað áhugavert og gott erindi og sveitarstjórn er full áhuga á að skoða málið frekar og viljum vera upplýst um áframhaldið, þar sem hér eru vaxandi greinar, svo sem fiskeldi og skógrækt.

16. Hitaveita: Eingreiðslur til hitaveitna. - 1801026

Jóni Erni Pálssyni falið að vinna málið áfram.

17. Kynningarfundur: um þróunarsjóð innflytjendamála - 1801007

Sveitarstjórn sér enga möguleika á að taka þátt í verkefninu.

18. Fyrirspurn: vegna fasteignakaupa og sölu - 1704034

Túngata 35 var seld á 16.000.000.- eftir auglýsingu, byggt á mati fasteignasala. Túngata 19 var seld á 12.000.000.- samkv. tilboði, án auglýsingar. Stjórn fasteignafélagsins mun svara bréfitara um aðrar eignir, sem seldar hafa verið.

19. Upplýsingargjöf sveitarstjóra - 1801027

Sveitarstjóri upplýsir að eldri borgurum verði boðið á þorrablót og síðan verði mótaðar reglur um afslætti til eldri borgara. Sveitarstjóri fór yfir hin ýmsu mál sem á döfinni eru. Uppgjör ársins 2017 er vel á veg komið og stefnt að því að lokið verði við það í mars. Auglýsa þarf starf bókara sem fyrst. Álagning fasteignagjalda er í vinnslu.

20. Starfsleyfi: gefið út fyrir Fjarðalax ehf. í Patreks- og Tálknafirði - 1801017

Til kynningar.

21. Uppgjör: Minjasafn Egils Ólafssonar - 1801004

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 22.00.

Indriði Indriðason (II)

Kristinn Hilmar Marinósson
(KHM)

Eva Dögg Jóhannesdóttir
(EDJ)

Jón Örn Pálsson (JÖP)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Ása Jónsdóttir (ÁJ)
